



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

Hvaleyraubraut 13 • 220 Hafnarfjörður • Iceland

Tel +354 565 5993 • Fax +354 565 5994

kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

Hafnarfjarðarbær
Daginn: 30/3 2016
Númer: 1410264
Skjalnúmer: 262.2

Hafnarfirði, 23. mars 2016

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður


Kvikmyndasafni Íslands hefur borist bréf skrifstofustjóra bæjarins þar sem tilkynnt er að hugmynd Kvikmyndasafnsins sem kynnt var í bréfi þess til Bæjarráðs 1. mars s.l. og gekk út á að safnið hefði með höndum rekstur Bæjarbíós tæplega þrjá mánuði á haustin ár hvert, hefði ekki náði fram að ganga. Þessi hugmynd eða tillaga var svar safnsins við áskorun Bæjarráðs 12. október s.l. um að safnið endurskoðaði afstöðu sína til samnýtingar bíósins.

Nú er ljóst að Kvikmyndasafnið mun ekki eiga afturkvæmt í Bæjarbíó og af þeim sökum sér safnið sig knúið til að endurheimta eigur sínar úr bíóinu, sjá fylgiskjal. Safnið hefur beðið með svo afdrifaríka aðgerð á meðan „tilraun“ væri gerð um nýtt rekstrarfyrirkomulag bíósins ef svo skyldi fara að tilraunin þætti ekki bera tilætlaðan árangur og safnið yrði beðið um að taka reksturinn yfir á ný. Ekki er ljóst nú tveimur árum síðar hvort tilraun þessi telst hafa heppnast en engu að síður hefur ekki verið leitað til Kvikmyndasafnsins varðandi reksturinn heldur stendur til að bjóða hann út á ný. Kvikmyndasafnið lítur svo á að ekki sé vilji til að varðveita Bæjarbíó sem kvikmyndahús þrátt fyrir friðlýsingu þess heldur verði því ætlað annað hlutverk í framtíðinni. Það er því ekki um annað að ræða fyrir Kvikmyndasafnið en að sækja eigur sínar í bíóið og byggja upp sýningaraðstöðu í eigin aðstöðu.

Við hyggjumst ljúka flutningi tækjabúnaðar safnsins úr Bæjarbíói eigi síðar en 31. maí n.k. en þurfum þrjá samliggjandi daga fyrir þann tíma til verksins. Einnig þarf bærin að veita viðtöku bekkjum úr bíóinu, sem safnið hefur varðveitt hjá sér fram til þessa. Við óskum hér með eftir því að fá að vita hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að okkur verði veittur aðgangur að húsinu fimmtudaginn 26. maí n.k. og væri vel þegið að fá vitneskjuna um það skriflega eigi síðar en viku fyrir svo við getum gert nauðsynlegar ráðstafanir vegna flutninganna.

Virðingarfyllt,

f.h. Kvikmyndasafns Íslands,


Erlendur Sveinsson, forstöðumaður

Afrit sent til:

- 1) Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
- 2) Kristinn Sæmundsson/Menningar og listafélag Hafnarfjarðar
- 3) Minjastofnun Íslands

Fylgiskjal: Listi yfir eigur Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói

markað. 1410264
267.2

Eignir Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói. Fylgiskjal. 23.3.2016 16:11

Eignir Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói, sem safnið hyggst leysa til sín eigi síðar en 31. maí 2016

Nr.	Texti	Athugasemdir
A	SÝNINGARKLEFINN	
1	Tvær Bauer 35mm sýningavélar í sýningaklefa. Magnararaki með 4 stk. Dinacort mögnurum og einum Cinema Processor: Dolby CP65	Safngripir komir úr Kópavogsbíói. Útvegað frá bíóunum
2	Skrifborð	
3	Stýribúnaður fyrir sýningartjald	
4		
B	BÍÓSVIÐIÐ	
5	Sýningartjald með tölvustýrðum ramma fyrir öll formtöt.	
6	3 stk. EV (Electro Voice) bíóháttalarar	
7	3 stk. Voice off the Theater háttalarar	
8	Rautt sviðstjald	Verður ekki fjarlæggt en Bænum gefst kostur á að kaupa fortjaldid.
C	ANNAÐ	
9	Öryggiskerfi frá Öryggismiðstöðinni, eldvörn og Innbrotskerfi	Bænum gefst kostur á að kaupa kerfið
10	Ljósastarar og loftrennur í anddyri fyrir ljósastara, uppsetning	Bænum gefst kostur á að kaupa búnaðinn